

Stjórnarfundur 15. apríl 2026

Mætt eru : Þorsteinn, Kristján, Elisabeth Ýr, Ísólfur

Fundur settur kl. 18 og gengið til dagskrár.

Dansleikur / Faxaborg

- Ákveðið er að nota klósettin sem að nú þegar eru niðri í reiðhöll í stað þess að panta salerniseiningu, þar náum við að spara miklar upphæðir. Arnar rafvirki kom og gerði við neyðarlýsinguna svo hægt væri að fá leyfi fyrir dansleikin, auk þess er búið að yfirfara slökkvitækin. Það þarf að staðfesta að við fáum flatvagn en annað sem ætti að fara inn í reiðhöll mun hljómsveitinn koma með. Stjórinn mun sjá um að manna gæslu. Athuga með selja hamborgara eða eitthvað annað matarkyns. Þar fyrir utan var rætt um uppsetningu á miðasölu og uppsetningu starfsmanna. Það sem að þarf að gera upp í reiðhöll er að passa að gólfið sé sæmilega vökvað og taka til í geymslunni svo að Greifarnir hafi það sem sína aðstöðu.

Aðalfundur Vindás var haldinn síðast liðinn fimmtudag, og var skrifað undir nýjan ótímabundin leigusamning. Reiðhöllin Vindás ehf stendur undir sér en ekkert mikið umfram það. Stefnt er á að reyna koma framkvæmdum í gagn fyrir anddyrið fljótlega eftir að mótahaldi líkur.

Firmakeppni

- Heiða Dís hefur boðist til þess að taka að sér skipulagningu firmakeppninar, hún verður haldin 1.maí næstkomandi. Að keppni lokinni verður pálínuboð upp í félagsheimili og verðlaunaafhending. Athuga með að safna firmaáheitum, stjórnin skiptir á milli sín fyrirtæki til þess að tala við og safna áheitum.

Þing UMSB

- UMSB þingið er haldið 18:00 29.apríl og þar eigum við 5 fulltrúa. Þorsteinn, Elisabeth og Kristján eru allavega staðfest að komast fyrir hönd Hestamannaf. Borgfirðings.

Beitarsamningur

- Beitarsamningurinn er runnin út, tillaga frá formanni að hann sjálfur og Ólafur Þorgilsson mæti á fund á morgun í Ráðhúsinu klukkan 14:00, sú tillaga er samþykkt samhljóða.

Landsmót

- Við þurfum að velta því aðeins fyrir okkur fyrir úrtökuna hvernig við myndum fara að því að styrkja okkar fólk áfram á Landsmótið, og vera búið að ákveða það fyrir úrtökuna svo hægt sé að auglýsa það vel svo ekki verði neinn misskilningur.

Önnur mál

- Innheimta félagsgjalda gengur vel.

Fundi slitið : 19:45